


Hvar liggja vaxtartækifærin í bláa hagkerfinu?

Hér á eftir verður skoðuð hugsanleg þróun á umfangi ólíkrar starfsemi sem tengist hafinu á Íslandi næstu áratugi. Sjávarklasinn hefur rætt við fjölda forystumanna í ólíkum greinum og beðið þá að meta vöxt á næstu árum. Þá hafa verið skoðaðar áætlanir um vöxt einstakra greina á heimsvísu sem getur gefið vísbendingu um þróun hérlendis.

Mikil óvissa er þó ávallt um þróunina svo langt fram í tímann. Í því sambandi er ekki síst erfitt að spá fyrir um þróun umhverfismála á hafinu. Það á meðal annars við um áhrif plastmengunar og súrnun sjávar.

Þær tölur, sem hér birtast, geta þó gefið vísbendingu um vöxtinn á komandi áratugum. Mikilvægt er þó að hafa í huga að hér er um mjög grófa áætlun að ræða sem fyrst og fremst ber að skoða sem tilraun til að birta eina sviðsmynd um stærð bláa hagkerfisins á næstu árum og áratugum.

Það er von Sjávarklasans að samantekt sem þessi um tækifæri Íslendinga í haftengdum greinum á næstu áratugum hvetji ungt fólk og frumkvöðla til að setja í meira mæli bláa hagkerfið á radarinn. Um leið er samantekt sem þessi vonandi hvatning fyrir okkur öll til að auka þekkingu og aðgerðir okkar gegn umhverfissvánni í hafinu.



Sjávarútvegur

Eðlilegt er að hefja skoðun sem þessa á sjávarútvegnum, sem hefur verið ein helsta stöðin í íslensku efnahagslífi. Ekki er gert ráð fyrir að velta í sjávarútvegi í heiminum vaxi mikið á komandi árum. Heildarveiði er áætluð að haldast svipuð til ársins 2030 eða um 93 milljónir tonna [1]. Þróunin hérlandis á undanförunum árum hefur ráðist mest megnis af verðum á sjávarafurðum á heimsmarkaði. Í spám um fiskverð gert ráð fyrir verulegum hækkunum á sjávarafurðum á næstu áratugum.

Hér er þó töluverð óvissa í mati, en þeir aðilar, sem Sjávarklasinn hefur rætt við, nefna að vöxtur þeirra næstu 3-5 ár sé áætlaður um 2-6%. Það eru helst stærri fyrirtæki sem hafa væntingar um meiri vöxt svo og minni og sérhæfðari útgerðir sem gætu vaxið hratt með veiðum á verðmætum tegundum, sem áður hafa lítið sem ekkert veiðst við Ísland. Hér verður gert ráð fyrir að velta útgerðarfyrirtækja aukist um 4% á ári á komandi árum.


Tæknifyrirtæki

Velta tæknifyrirtækja í matvælaíðnaði á heimsmarkaði er áætluð að vaxi um rösklega 6% á ári til ársins 2022 [2].

Sjávarklasinn hefur fylgst með þróun íslenskra tæknifyrirtækja, sem tengjast sjávarútvegi, um árabíl. Samkvæmt athugunum Íslenska sjávarklasans hefur velta tæknifyrirtækja sem tengjast fiskvinnslu vaxið töluvert hraðar hérlandis á síðustu árum eða sem nemur tæplega 10%. Hér verður gert ráð fyrir að íslensku fyrirtækin muni vaxa ívið minna þegar horft er til lengri tíma en vöxtur þeirra verði þó meiri en vöxtur tæknifyrirtækja í matvælaíðnaði á heimsvísu og aukningin verði 7-8% á ári.

Fiskeldi

Spár um vöxt í fiskeldi í heiminum gera ráð fyrir um 4,5% vexti á árinu til ársins 2022 [3]. Þrátt fyrir mun meiri vöxt í fiskeldi hérlandis undanfarin misseri en verið hefur í heiminum þá eru óvarlegt að spá fiskeldi svipuðum vexti hérlandis næstu áratugi eins og verið hefur undanfarin ár. Ástæður þessa eru m.a. líffræðilegar aðstæður, fjarlægð frá mörkuðum og möguleg umhverfisáhrif. Þó má gera ráð fyrir að vöxtur greinarinnar verði umtalsverður og hér er gert ráð fyrir um 12% vexti á ári. Hafa ber í huga að hér er átt við bæði sjó- og landeldi.



Fullvinnsla aukaafurða og líftækni

Samkvæmt nýrri athugun Íslenska sjávarklasans eru áfimmta tug fyrirtækja í landinu sem eru að vinna með fullvinnslu aukaafurða af ýmsu tagi. Það er án efa heimsmet. Stærstu fyrirtækin eru á sviði lifrarniðursuðu, lýsisvinnslu og hausþurrkunar. En fjölbreytnin í fullvinnslu eykst með hverju árinu sem líður og lögð er áhersla á að auka verðmætin enn frekar. Samkvæmt athugunum klasans er velta fyrirtækjanna um 35 milljarðar á ári.

Samkvæmt alþjóðlegum athugunum er gert ráð fyrir að sjávarlíftækni vaxi um 4,2% á ári til ársins 2024. Sjávarlíftækniðnaðurinn velti 3,7 milljörðum Bandaríkjadala árið 2018 og er talið að veltan fari í 4,6 milljarða árið 2024 [4].

Ekki liggja fyrir tölur um veltu sjávarlíftæknifyrirtækja hérlendis. Í greiningu Sjávarklasans árið 2011 var áætlað að hjá sjávarlíftæknifyrirtækjum hérlendis störfuðu 50-70 starfsmenn hjá minni einkafyrirtækjum á þessu sviði. Nú átta árum síðar hefur fyrirtækjunum fjölgað nokkuð og einstaka fyrirtæki hafa fjölgað starfsfólki umtalsvert. Í því sambandi má nefna Kerecis en starfsmenn þar eru nú yfir 100 talsins. Fyrirtækin á þessu sviði eru m.a. Zymetech, Norður, Primex, Lipid, Genis, Iceprotein og Kerecis.

Miðað við væntingar fjárfesta til þessarar greinar hérlendis má gera ráð fyrir því að sum þessara fyrirtækja nái að auka veltu sína verulega á næstu árum og velta greinarinnar muni því vaxa mikið á komandi árum. Miðað við kraftmikla sprotastarfsemi á sviði fullnýtingar og líftækni og fjölþættar rannsóknir Matís og fleiri aðila er gert ráð fyrir að þessi iðnaður muni vaxa um 8% á ári næstu árum.

Alþjóðleg ráðgjöf

Norðmenn hafa lagt kapp á að auka alþjóðlega ráðgjöf í tengslum við fiskeldi og olíuvinnslu og hafa náð árangri á þeim sviðum. Þekking og reynsla stofnana á borð við Matís og Hafró auk háskólanna á sviði sjávarútvegs er gríðarleg og mikil tækifæri eru til að auka alþjóðlega ráðgjöf þeirra í samstarfi við fjölmarga innlenda aðila sem hafa aflað sér reynslu við ráðgjöf. Þessi tækifæri þarf að nýta og líklegt má telja að ef samstarf eykst þá muni velta aukast á þessu sviði. Hér verður gert ráð fyrir 7% vexti á ári í alþjóðlegri ráðgjöf í tengslum við bláa hagkerfið.

Þörungar

Vöxtur í þörungaframleiðslu í heiminum er áætlaður um 7,4% [5] á ári til ársins 2024 og veltan verði um 1,1 milljarður Bandaríkjadala árið 2024.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem aflað hefur verið í opinberum gögnum og samtölum við forsvarsmenn fyrirtækja á þessu sviði hérlendis má áætla útflutningsveltu í þörungum og þaramjöli árið 2018 um 4,5 milljarð. Líklega er þar um vanáætlun að ræða. Mörg fyrirtæki eru að taka sín fyrstu spor á þessu sviði og því má vænta að veltuaukningin í þessari grein verði all veruleg á næstu árum. Önnur fyrirtæki eru þegar í startholunum og að meðaltali hefur komið fram eitt nýtt fyrirtæki á ári frá 2012. Í þessari grein liggja mýmörg áhugaverð tækifæri fyrir íslenskt athafnalíf. Sum fyrirtækjanna gera ráð fyrir mjög hröðum vexti en og hér verður gert ráð fyrir 10% vexti á ári.

Ef rétt er á málum haldið getur bláa hagkerfið á Íslandi þrefaldast á næstu tuttugu árum. Það eru mikil tækifæri til staðar fyrir Íslendinga að auka umtalsvert verðmætasköpun í öllu er við kemur hafinu og skapa sér sess sem forystuþjóð á þessu sviði á heimsvísu.

Frekari upplýsingar, veita Þór Sigfússon eða Berta Danielsdóttir í síma 577-6200.

Fyrirvarar

Auk þeirra fyrirvara sem nefndir eru hér að framan er rétt að nefna eftirfarandi.

Í skýrslu OECD „The Ocean Economy 2030“, sem kom út árið 2016, voru ýmsar atvinnugreinar nefndar sem partur af bláa hagkerfinu (ocean economy). Þar má nefna skipaflutninga, hafnastarfsemi og skipaviðgerðir. Sú greining, sem hér liggur fyrir, tekur ekki á þessum þáttum þótt þeir séu mikilvægur partur af íslenska sjávarklasanum.

Sjávarklasinn hefur áður gert ítarlegar athuganir á heildarumfangi allrar starfsemi sem telst til sjávarklasans og þar var áætlað að sjávarklasinn allur væri um 25% af heildarumfangi íslensks efnahagslífs. Sú athugun var án efa ein sú ítarlegasta sem til er á þessu sviði í heiminum.

Skoðuð voru viðskipti sjávarútvegsfyrirtækja við ýmis þjónustufyrirtæki og þannig voru metin heildarefnahagsáhrif í haftengdum greinum. Þar komu m.a. fram áhrif sjávarútvegs á ýmsar stoðgreinar, fjármálastarfsemi, tryggingar, skipa- og flugflutninga og margt fleira.

Þótt horft hafið verið til margra áhugaverðra nýjunga í bláa hagkerfinu hérlendis í þessari greiningu er hér alls ekki um tæmandi lista að ræða. Í gögnum OECD er m.a. rætt um tækifæri í tengslum við öryggismál á hafinu, vind- og sjávarorku, olíu- og gas, efnavinnslu á hafsbotni og ýmsar „unborn industries“ eins og OECD nefnir þær haftengdu atvinnugreinar framtíðar sem enginn veit í dag hverjar verða.

Heimildir:

- [1] WORLD BANK (2013). „FISH TO 2030“ Prospects for Fisheries and Aquaculture REPORT NUMBER 83177-GLB
<http://www.fao.org/3/i3640e/i3640e.pdf>
- [2] Food Processing Equipment Market-Global Opportunity Analysis and Industry Forecast (2017-2022)
https://www.researchandmarkets.com/research/3n4dr6/global_food?w=5
- [3] <https://www.seafoodsource.com/news/supply-trade/global-seafood-trade-to-increase-but-growth-rates-will-slow>
<https://www.technavio.com/report/global-aquaculture-market-analysis-share-2018>
- [4] <https://www.wiseguyreports.com/sample-request/3881759-global-marine-biotechnology-market-2019-by-company-regions>
- [5] The global algae market. Transparency Market Research (TMR)
<https://www.transparencymarketresearch.com/algae-market.html>